

**Ed.**

## **16. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtiðarráðstafanir.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

### **1. gr.**

a. Síðasti málsl. 3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þó getur ríkisstjórnin ákveðið lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði, en leita skal hún heimildar Alþingis til fjárframlaga í því skyni.

b. Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Meðan verð landbúnaðarafurða er ákveðið samkvæmt fyrirmælum laga þessara, skal nefndin starfa áfram og reikna út breytingar á verðinu fyrir 15. ágúst ár hvert samkvæmt því, sem vinnutekjur þær, sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun afurðaverðsins, og rekstrarkostnaður landbúnaðarins að öðru leyti hefur breytt á liðnu ári. Ef ágreiningur verður um þennan útreikning, gildir álit meiri hlutans. Verði nefndin á einu máli um breytingar á þeim grundvelli, sem nú gildir, vegna nýrra upplýsinga, þá skal tekið tillit til þess, næst þegar verðið er ákveðið.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frumv. þetta snertir tvö atriði, sem bæði voru til meðferðar á síðasta þingi, en náðu ekki afgreiðslu. Hér er um að ræða nokkuð fyllri ákvæði um tvö atriði dýrtiðarlaganna, sem virðist óhjákvæmilegt, að sett verði nú þegar.

Fyrri breytingartillagan er borin fram í því skyni að taka af allan vafa um það, hvernig skilja beri það ákvæði laganna, er um ræðir. En eins og kunnugt er, skilur ríkisstjórnin þetta lagafyrirmæli á annan veg en meiri hluti þings. — Frv. að efni samhljóða þessum fyrri lið flutti ég í Ed. á síðasta þingi, og var það afgreitt frá deildinni með því orðalagi, sem hér er valið, og átti aðeins eftir að samþykkjast við 3. umræðu í Nd. — Alþingi hefur nú að visu samþ. heimild til ríkisstjórnarinnar um framlög úr ríkissjóði til niðurgreiðslu á verði innlendra vara, en þegar sú heimild fellur úr gildi, er nauðsynlegt, að enginn vafi leiki á um það, að allar heimildir til slíkra greiðslna úr ríkissjóði séu fallnar niður.

Um síðari breytingartillöguna er það að segja, að hún er að heita má samhljóða tillögu, sem hv. þm. A.-Húnv. flutti í neðri deild og hefur sama tilgang og tillaga, er ég flutti í þessari deild. Báðar þessar tillögur voru felldar með eins atkvæðis mun, hvor í sinni deild. Nú er þessi tillaga flutt aftur í trausti þess, að meiri hluti þings hafi áttað sig á því, að ef samkomulag sex manna nefndarinnar á að vera áfram í gildi, er óhjákvæmilegt að samþykkja þessa tillögu eða einhverja aðra skipan, sem kveður nánar á um en gert er í núgildandi lögum, hvernig ákveða skuli verð landbúnaðarafurða á komandi hausti.